

Sigurður Unnar í 16.sæti eftir fyrri dag á Spáni

Laugardagur, 19. janúar 2019 19:20





Sigurður Unnar Hauksson er að keppa í haglabyssugreininni SKEET á sterku Grand Prix móti í Malaga á Spáni. Eftir fyrri daginn er Siddi í 16.sæti en keppendur eru alls 53. Keppt er í opnum flokki þar sem konur, karlar og unglingar keppa saman. Skorið hjá honum í dag var 70 stig (22-23-25) en keppni lýkur á morgun.Â **UPPFÆRT:** hann endaði með 113 stig (23+20) og hafnaði í 27.sæti.